



Fundargerð

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 11. janúar 2016 kl. 20.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Sandra Rún Björnsdóttir formaður, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 29. apríl 2015.

Farið yfir fundargerðina, spurt var um lið 6 í fundargerðinni, varðandi úttekt á stöðu frárennslismála í sveitarfélaginu, hvar málið væri statt. Óskaði nefndin eftir því að sveitarstjórn taki málið upp.

2. 1601006 – Gjaldskrár 2016.

2.1 Gjaldskrá fyrir vatnsveitu.

Gjaldskrá hækkar um sem nemur breytingu á neysluverðsvísitölu á milli ára. Gjaldskrá fyrir vatnsveitu samþykkt samhljóða.

2.2 Gjaldskrá fyrir fráveitu.

Gjaldskrá hækkar um sem nemur breytingu á byggingavísitölu á milli ára. Gjaldskrá fyrir fráveitu samþykkt samhljóða.

2.3 Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs.

Gjaldskrá hækkar um sem nemur breytingu á byggingavísitölu á milli ára. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs samþykkt samhljóða.

Gjaldskrár skal senda til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða til staðfestingar og þaðan í B-deild Stjórnartíðinda.

3. 1304010 – Hunda- og kattahald á Reykhólum.

Afgreiðsla sveitarstjórnar Reykhólahrepps 18. maí 2015.

Lögð fram endanleg samþykkt um hunda- og kattahald í Reykhólahreppi lögð fram, rætt um gjaldskrá og verklagsreglur. Unnið verður frekar að gjaldskrá og verklagsreglum.

Samþykkt um hunda- og kattahald samþykkt samhljóða, leita þarf staðfestingar hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða á samþykktinni.

4. 1504017 – Samþykkt um fráveitur í Reykhólahreppi.

Farið yfir endanlega samþykkt um fráveitur í Reykhólahreppi, rætt um að setja inn ákvæði til bráðabirgða vegna eigna sem ekki tengjast fullnægjandi rotþró. Samþykkt um fráveitur samþykkt samhljóða.

Leita þarf staðfestingar hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða á samþykktinni.

5. 1504018 – Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi.

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs var samþykkt samhljóða.

Leita þarf staðfestingar hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða á samþykktinni.

6. 1601007 - Starfsleyfi fyrir geymslustaði fyrir flokkaðan úrgang.

Erindi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dagsett 19. nóvember 2015.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að sótt verði um starfsleyfi fyrir endurvinnslustöðina á Reykhólum. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver):

7. Aðkoma að þorpinu, steypustöð, ristahlið.

Nefndin leggur til að leitað verði til Vegagerðarinnar varðandi endurnýjun og tvöföldun á ristahliði við innakstur í þéttbýlið og að málefni steypustöðvar við Maríutröð verði vísað til skipulags- og bygginganefndar. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 22.15.

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |